

## L ö g

um

## lögræði.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Lögræði er tvenns konar, sjálfræði og fjárræði. Maður sjálfráða og fjárráða er fullráða.

Leyfisbrjef til lögræðis verða ekki veitt.

## 2. gr.

Maður er sjálfráða 16 ára gamall, nema sviptur sje sjálfræði.

Sjálfráða maður ræður einn öðru en fje sínu, nema öðru vísi sje sjerstaklega um mælt í lögum.

Ef sjálfráða maður rýfur lögmætar skuldbindingar sínar, bæti af fje sínu.

Ráðstafanir ósjálfráða manns eru ógildar.

## 3. gr.

Foreldri ráða bæði saman ósjálfráða skilgetnum börnum sínum. Nú er annað foreldra látið, og ræður þá hitt börnunum, nema kvænst eða gifst hafi aftur. Þá ráða hjónin börnunum bæði saman. Nú eru bæði foreldri látin, en stjúpförelldri á lífi, og ræður þá stjúpförelldri börnunum, enda sjeu börnin á framfæri þess. Nú eru foreldri skilin að fullu eða að borði og sæng, og ræður þá hvort þeirra þeim börnum, sem hjá því eru.

Óskilgetnu barni ræður móðir.

Nú má hvorki foreldri nje stjúpförelldri ráða barni, og kemur þá skipaður lög-ráðamaður í þeirra stað.

## 4. gr.

Maður er fjárráða 21 árs gamall, nema sviptur sje fjárræði.

Ekkjur og konur, sem skilið hafa við bændur sína að fullu eða að borði og sæng, eru fjárráða, þó að yngri sjeu en 21 árs.

Fjárráðamaður ræður einn fje sínu, nema lög mæli sjerstaklega fyrir á annan veg.

Fjárráðstafanir ófjárráða manns eru ógildar, nema þær varði sjálfsaflafje eða gjafafje, enda láti gefandi eigi öðru vísi um mælt eða lög kveði sjerstaklega öðru vísi á.

## 5. gr.

Nú er sjálfráða maður eða fjárráða ófar til að ráða sjer eða fje sínu sjálfur, vegna vanheilsu eða vanþroska eða af öðrum ástæðum, svo sem vegna eyðslusemi, og skal

hann þá sviftur sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja, og honum skipaður lögráða- Nr. 60.  
maður. 14. nóvbr.

## 6. gr.

Hjeraðsdómari á úrskurðarvald um sviftingu lögræðis. Úrskurð um lögræðis-sviftingu skal kveða upp á varnarþingi þess, er svifta skal lögræði. Að öðru leyti fer um lögræðissviftingu eftir þeim reglum, sem fylgt hefir verið um sviftingu fjárræðis. Úrskurði má sá, er sviftur er lögræði, skjóta til landsyfirdóms til fullnaðarúrslita. Rjett er og að maki hans, foreldri eða börn, systkin eða jafnmægðir áfrýi slíkum úrskurði, ef lögráða eru.

Á sama hátt skal fara, ef fella skal niður lögræðissviftingu.

## 7. gr.

Úrskurður um sviftingu lögræðis skal vera rökstuddur, enda skal skýrt ákveðið, hvort maður sje sviftur sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja.

Stefnuvottar skulu birta úrskurð þeim sjálfum, sem sviftur er lögræði, eða næsta venslamanni, ef hinn er að læknisdómi vitskertur. Svo skal og birta úrskurðinn í lög-birtingablaði landsins, rita hann þegar í þinglýsingabók og lýsa honum síðan á varnarþingi þess, er lögræði var sviftur. Ef sá, sem sviftur er lögræði, á fasteign eða hjer skrásett skip, eða hann rekur hjer atvinnu, sem geta ber eða getið er í verslanaskrá, þá skal þinglýsa úrskurðinum á varnarþingi fasteignar eða skips og bóka athugasemd um hann í verslanaskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum þeim stjórnarvöldum, er um hann þurfa að vita. Fyrir þinglýsinguna skal ekkert gjald greiða.

## 8. gr.

Nú hefir maður verið sviftur lögræði, og eru þá ógildar ráðstafanir, sem brjóta bág við lögræðissviftingu og hann gerir eftir inuritun úrskurðar í þinglýsingabók, — enda hafi þinglýsing síðan farið fram áður lögmæltur tími sje liðinn, — eða athugasemd um hann er skráð í verslanaskrá. Gildar skulu metnar ráðstafanir hans, er áður eru gerðar, nema sannað sje, að sá, sem hagsvon átti af þeim, hafi vitað um úrskurðinn.

Skylt er sýslumanni eða bæjarfógeta, að viðlögðum skaðabótum eftir venjulegum reglum, að geta úrskurðarins í þinglýsingabók fasteigna og í skipaskrá og verslana, þegar honum er sent eða afhent úrskurðareftirrit eða eintak af lögbitingablaði, þar sem úrskurðurinn er birtur.

## 9. gr.

Nú er skotið til landsyfirdóms úrskurði um lögræðissviftingu, og skipar þá dómstjóri löggiltan málaflutningsmann við yfirdóminn til að sækja málið af hendi þess, er svifta skal lögræði, og annan til varnar. Hvor málsvara getur lagt fram nýjar skýrslur í yfirdómi, og, ef svo ber undir, krafist rannsóknar í hjeræði um málavexti. Málskostnaður í yfirdómi greiðist af almannaþje, og fer um meðferð málsins þar sem um opinber mál.

Nú úrskurðar yfirdómur rannsókn málavaxta í hjeræði, og skal hún fram fara að hætti almennra lögreglumála, enda skal útvega þær skýrslur, sem yfirdómur krefst. Skipa skal þá jafnan valinkunnan mann til þess að gæta rjettar þess, er svifta skal lögræði. Málskostnaður í hjeræði greiðist og af almannaþje.

Nú er úrskurður um lögræðissviftingu fenginn fyrir vísvitandi rangar skýrslur, og á þá, að undangenginni löglegri málssókn, að dæma þann eða þá, sem um það reynast sekir, til þess að greiða að skaðlausu allan þann kostnað, sem lögræðissvifting hefir haft í för með sjer.

## 10. gr.

Dómstjóri sendir stjórnarráðinu þegar eftirrit af úrslitadómi yfirdóms, en það sendir aftur stjórnarvöldum þeim, er málið ber undir.

Nr. 60. Nú ónýtir yfirdómur úrskurð hjeradsdómara, og ber þá þegar að draga yfir 14. nóvbr. hann í embættisbókum og aflýsa honum, ef þinglýstur var, hvorttveggja endurgjaldslaust.

### 11. gr.

Nú er maður ólögráða, og skal þá sýslumaður hans eða bæjarfógeti skipa honum lögráðamann, ósjálfráða manni fyrir æsku sakir þó því að eins, að lögborins manns njóti eigi.

Þær skipanir, sem gerðar hafa verið samkvæmt gildandi lögum, standa þó óraskaðar þangað til lögræði er náð.

Skipaður lögráðamaður má ekki yngri vera en 25 ára, enda sje hann ráðvandur maður og ráðdeildarsamur, sémilega að sjer, heill heilsu og fjár síns ráðandi.

Lögráðamann skal skipa karl eða konu, næst að frændsemi. Föðurfrændur ganga fyrir móðurfrændum, alsystkin fyrir hálsystkinum, eldri maður fyrir yngri, jafnáninna. Um stjúpforeldra gildir sama og foreldra, enda beri stjúpforeldri framfærsluskylda, og sje henni fullnægt.

Móðurfrændur óskilgetins barns ganga fyrir öðrum frændum til fjárráða.

Þó má skipa föður, ef móður nýtur eigi, enda hafi hann þinglýst barninu, ættleitt það eða arfleitt.

### 12. gr.

Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ósjálfráða man, svo sem sjálfráða hefði hann gert, nema öðru vísi sje áskilið að lögum.

### 13. gr.

Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða man, svo sem fjárráða hefði hann gert, enda mæli lög eigi sjerstaklega um á annan veg.

### 14. gr.

Um stöðu lögráðamanns gagnvart ófjárráða manni og yfirfjárráðanda fer að lögum.

### 15. gr.

Þeir, sem orðnir eru 18 ára, en ekki fulls 21 árs, þá er lög þessi öðlast gildi, eru hálfháða fjár síns, og fer að öllu leyti um þá eftir gildandi lögum, þangað til þeir verða fulls 21 árs. Að öðru leyti er hálfháði um fjármál úr lögum numið.

Lögin taka jafnt til þeirra, sem orðnir eru fulls 21 árs áður en þau ganga í gildi, sem til hinna, er ná þeim aldri síðar.

### 16. gr.

Eftirfarandi ákvæði eru úr lögum numin: D. L. 1—23—12 og N. L. 1—21—9, a- og b-liðir 1. gr. I. kap. tilsk. 21. des. 1831, sbr. þó fyrri málsgr. næstu gr. hjer á undan, 1. gr. og 2. málsgr. 15. gr. tilsk. 18. febr. 1847, opið brjef 4. jan. 1861, er lögleiðir á Íslandi dönsk lög 29. des. 1857, um myndugleika kvenna, 10. gr. laga 12. janúar 1900, nr. 3, lög 20. okt. 1905, nr. 17, svo og öll önnur ákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi. Í 5. gr. laga 16. september 1893, nr. 15, komi: 16 ára í stað »18 ára«.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 14. nóvember 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

Jón Magnússon.